



353. fundur Afrekssjóðs ÍSÍ 19. maí 2026 kl. 12.10

Mætt öll á Teams

Stjórn: Pórey Edda Elísdóttir formaður (PE), Stefán Jóhannesson (SJ), Kári Mímisson (KM), Birna Lárusdóttir (BL)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Daníel Jakobsson (DJ)

1. Breytingar á reglum og viðmiðum vegna úthlutunar 2027

Umræða fór fram um hvar verkefnið væri statt. Starfsmenn AMÍ og ASJ eru að rýna reglur og viðmið út frá athugasemdum sérsambanda. Munu svo stjórnir AMÍ og ASJ koma að borðinu og rýna með starfsfólkinu. Stefnt að kynna drög að nýjum reglum og viðmiðum fyrir sérsamböndum í byrjun júní og leggja fyrir framkvæmdastjórn á fundi í lok júní.

Umræða fór fram um hverjar helstu breytingar væru og með hvaða hætti athugasemdum sérsambanda væri svarað.

2. Erindi frá sérsamböndum

HSÍ vegna lengri dvalar á EM í Svíþjóð 2026.

HSÍ óskar eftir hækkun á ferðastyrk (umfangi) þar sem A landslið karla var degi lengur en áætlað var á EM í Svíþjóð í janúar sl.

Liðið ráðgerði heimferð þann 1. febrúar sl. en þar sem það komst í undanúrslit og leik um 3. sæti var heimkoma 2. febrúar.

Reiknuð fjárhæð sem HSÍ hefði fengið úr umfangi fyrir degi lengur ferð á mótið er 391.979 kr.

Þar sem ferðin lengdist vegna aukins árangurs samþykkir stjórn að hækka úthlutun til HSÍ um 391.979 kr.

Lagt til fyrir framkvæmdastjórn til staðfestingar.

KSÍ vegna úrslitakeppni U19 kvenna.

KSÍ óskar eftir hækkun á styrk úr ASJ vegna þátttöku U19 landsliðs kvenna í 8 liða lokamóti EM sem fram fer í Bosnía í júní nk. Unnu þær sig inn á lokamótið með að komast í gegnum milliriðil. Þátttakan var ekki í áætlun KSÍ vegna 2026 né umsókn í ASJ í nóvember sl. Áætlaður kostnaður KSÍ er um 22 milljónir. Er það fyrir utan styrk frá UEFA sem greiðir hluta af gistikostnaði.

Erindinu er hafnað. Ekki er talið rétt að hækka úthlutun til KSÍ með tillits til tekna sérsambandsins og fjárhæðar sem Afrekssjóður hefur til ráðstöfunar.

Lagt til fyrir framkvæmdastjórn til staðfestingar.

Klifursamband Íslands

KÍ hafði óskað eftir upplýsingum hvort sambandið falli í flokk Afrekssársambands eða Verkefnasársambands við úthlutun 2027.

Umræða fór fram um flokkun sársambandsins síðustu ár.

Þar sem vinnu við breytingar á reglum um flokkun sársambanda er ekki lokið er ekki hægt að svara erindinu að svo stöddu.

3. Birting upplýsinga úr umsóknum sársambanda

Umræða fór fram um hvað skuli birt sársamböndum af upplýsingum í umsóknum sársambanda.

KSR falið að taka saman sundurliðaðar upplýsingar um úthlutanir og birta ásamt heildarfjárhæð umsóknar hvers sársambands.

KM yfirgaf fundinn kl. 12.42.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Gert er ráð fyrir að næsti fundur verði eftir tvær vikur.

Fundi slitið kl. 13.20.